

Miðvikudaginn 22. apríl, 1953.

Nr. 37/1952. **Skipaútgærð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hdl.)

gegn

Olúféluginu h/f (Vilhjálmur Jónsson hdl.)

og gagnsök.

Dóminn skipaðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í Hæstarétti, er aðiljum samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 per analogiam veittur kostur á því að afla gagna þeirra, sem nú verða rakin:

1. Margar matsgerðir hafa verið framkvæmdar í málinu. Eru matsgerðir þessar að nokkru hver um sín atriði og að nokkru í andstöðu hver við aðra, og eru mörg atriði því alls ekki nægilega skýrð af sérfróðum mönnum. Þá hefur og eftir uppsögu héraðsdóms verið aflað gagna, sem rétt er, að sérfróðir menn fjalli frekar um. Er því æskilegt, að dómkvaddir verði þrír sérfróðir menn, sem telji upp sérfræðirök sín fyrir því annars vegar, að benzín og olía, sem fermt var hinn 22. ágúst 1949 í v/s Þyril í Hvalfirði, hafi komið mengað úr landi, og hins vegar fyrir því, að mengunin hafi orðið um borð í v/s Þyrli, og meti síðan gildi sérfræðiraka fyrir hvorum tveggja möguleikanum. Matsmönnum væri nauðsynlegt að kynna sér allar matsgerðir málsins, tilraunir sérfræðinga og atvik og framkvæma sjálfir þær tilraunir, er þeir teldu þörf á. Ef þeim þætti ástæða til að afla frekari skýrslna af fyrirsvarsmönnum aðilja eða vitnum, bæri þeim að leita aðstoðar umboðsmanna aðilja um yfirheyrslu fyrir dómi.

2. Nauðsynlegt er, að rannsakað sé rækilega, hvort nokkurt samband hefur hinn 22. ágúst 1949 verið milli benzín- og olíuleiðslna í olíustöðinni í Hvalfirði á bryggju eða annars staðar og hvort nokkrar breytingar hafa verið gerðar á leiðslum þessum á tímabilinu frá nefndum degi og til 13. maí 1950, er skoðun var framkvæmd þar af dómkvöddum mönnum, og ef svo er, í hverju þær breytingar voru fólgnar.

3. Rétt er að taka dómskýrslur um venjur þær, sem voru

um lokun á leiðslum milli geyma II og III í dæluhúsi v/s Pýrils, einkum hvort venja var að loka öllum lokum, sem á leiðslum þessum voru, eða einungis einum loka.

4. Æskilegt er og, að rannsakað sé, hvort þess hefur orðið vart eða undan því kvartað, að olía frá gagnáfrýjanda hafi um þær mundir, er fermt var í v/s Pýril í téð skipti, verið blönduð benzíni.

5. Rétt er, að skýrslur séu lagðar fram um, hver niðurstaða hefur orðið af rannsókn á sýnishornum þeim, sem tekin voru hinn 6. sept. 1949 úr oliugeymum nr. 21 og 40.

Loks er rétt, að skýrslur séu fengnar um þau atriði, sem gagnasöfnun þessi gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Mánudaginn 27. apríl 1953.

Nr. 173/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason)

gegn

Þór V. Guðjónssyni (Lárus Jóhannesson)
og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1952, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í héraði og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.